

17. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 3. febrúar 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Gunnar Sigurðsson almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Ragnheiður Thorlacius boðaði forföll. Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi mætti síðar.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fjárhagsáætlun FSÍ 2011 o.fl.

Málið var á dagskrá 14. og 16. fundar stjórnar. Á 16. fundi stjórnar þann 9. desember sl. var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu. Formaður greinir frá umræðum á fundum með tækninefndum karla og kvenna í áhaldafimleikum og tækninefnd í hópfimleikum. Rætt var sérstaklega um erlend verkefni á árinu 2011. Sérstaklega var rætt um þátttöku í erlendum verkefnum í ljósi fjárhagsstöðu FSÍ.

Formaður kvað vinnu fjáröflunarvinnuhópsins miða vel þó ekki hafi verið undirritaður samningur enn. Formaður kynnti einnig hugmynd að ráða starfskraft sem þjónustaði tilvonandi samstarfsaðila okkar í gegnum átaksverkefni Vinnumálastofnunar. Formaður hefur fengið óformlegt svar frá Úðafoss um hreinsun dómarafatnaðar tvisvar sinnum á ári. Framkvæmdastjóra falið að fá tillögur frá tækninefndum um útfærslu málsins.

2. Fyrirspurn til stjórnar FSÍ um Fimleikasjóð Íslands.

Þann 24. maí 2009 barst skrifstofu FSÍ afrit af fyrirspurn um Fimleikasjóð Íslands sem send var með tölvupósti á netfangið fimleikar@fimleikar.is. Með tölvupósti 30. nóvember sl., barst FSÍ póstur um sama efni þar sem fram kom að bréfitari óskað eftir að FSÍ svaraði tilteknum spurningum varðandi sjóðinn. Framkvæmdastjóri FSÍ svaraði bréfitara með tölvupósti dags. 10. desember sl. Með tölvupósti sama dag ítrekaði bréfitari beiðni sína og óskaði svara frá stjórn FSÍ.

Málið rætt og samþykkt eftirfarandi svar til bréfitara: Stjórn FSÍ vekur athygli bréfitara á að um Fimleikasjóður Íslands, kt. 620999-2029, er sjálfstætt félag með öllu óháð FSÍ. Um rekstur sjóðsins, samskipti sjóðsins út á við, ávöxtun fjármuna sjóðsins, rétt félagsmanna o.s.frv. gilda lög og reglur sjóðsins sem finna má á heimsíðunni fimleikar.is. Stjórn FSÍ vekur athygli bréfitara á því að öllum fyrirspurnum um sjóðinn og starfsemi hans verður að beina til stjórnar sjóðsins sem fer með öll málefni sjóðsins og ein ber ábyrgð á starfsemi hans. Það skal tekið fram að Fimleikasamband Íslands telst ekki félagi í sjóðnum, sbr. 3. gr. laga Fimleikasjóðs Íslands og FSÍ tilnefndi ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins á aðalfundi sjóðsins á árinu 2010 sem samkvæmt 6. gr. laga sjóðsins skal halda í september ár hvert. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna bréfitara um afgreiðslu stjórnar.

3. Kjör íþróttamanns ársins 2010 hjá Samtökum íþróttafréttamanna.

FSÍ fagnar árangri landsliðskonunnar Írisar Mist Magnúsdóttur úr Gerplu í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins 2010. Íris Mist á að baki glæsilegt keppnisár, færði Íslandi gull á Evrópumótinu í hópfimleikum sl. haust og vann öll hópfimleikamót ársins 2010 og varð Íslands- og bikarmeistari með félagsliði sínu.

Stjórn vill ennfremur vekja athygli fréttamanna á að ástæða sé til að fjalla enn frekar í fjölmiðlum um afrek kvenna innan íþróttanna. Framkvæmdastjóra falið að koma framangreindri bókun á framfæri við félag íþróttafélagaritarara.

4. Fundir formanna FRÍ, SSÍ og FSÍ.

Formaður greindi í stuttu máli frá samstarfsfundum formann Frjálsíþróttasambandsins (FRÍ), Sundsambandsins (SSÍ) og Fimleikasambandsins (FSÍ) sem nýlega hafa verið haldnir með það að markmiði að efla samlegðaráhrif þessara þriggja íþróttageina.

5. Beiðni Stjórnunnar um að FSÍ innheimti ekki iðkendagjöld vegna Fit Kid iðkenda.

Bréf stjórnar Stjórnunnar er dagsett 26. janúar sl. Þar kemur fram að Stjórninni sé gert skylt að greiða til IFF (International Fitness Federation) á Íslandi vegna Fit Kid iðkenda. Þar sem FSÍ þjónusti ekki félagið vegna Fit Kid iðkenda fer stjórn Stjórnunnar fram á það við stjórn FSÍ að fá undanþágu frá því að greiða gjald til FSÍ vegna Fit Kid iðkenda.

Málið rætt og samþykkt að senda svohljóðandi svar:

Á formannafundi FSÍ sem haldinn var 18. september 2010 í Reykjanesbæ var mörkuð sú stefna að allir þeir sem skráðir eru í fimleikafélög/deildir, æfi í fimleikahúsum og/eða undir handleiðslur fimleikafélögra greiði þjónustugjöld til Fimleikasambandsins, enda njóti þeir góðs af þekkingu sem er sprottin er úr fimleikum. Stjórn FSÍ er ókleift að ganga gegn stefnu formannafundar. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna félaginu um afgreiðslu stjórnar.

6. Samningar við Gerpu vegna NMJ 2010, Norðurlandamóts unglunga í áhaldafimleikum karla og kvenna sem haldið verður á Íslandi 30. apríl og 1. maí nk.

Málið var á dagskrá 13. fundar 10. nóvember 2010. Lagðar eru fram tillögur að samningi milli FSÍ og Gerplu. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga f.h. FSÍ við Gerplu að teknu tilliti til nokkurra breytinga á framlögðum drögum.

8. Til kynningar.

- a. Lagt fram minnisblað af fundi framkvæmdastjóra og verkefnastjóra landsliða með fulltrúum Afrekssjóðs ÍSÍ og Sjóðs ungra og efnilegra. Framkvæmdastjóra falið að fá tillögur frá TKV/TK um einstaklinga í Ólympíuhóp ÍSÍ.
- b. Lagt fram minnisblað af fundi framkvæmdastjóra og Iceland Express um samstarfsmöguleika.
- c. Í dag barst tilkynning um að Björn M. Tómasson hefði verið dreginn sem D2 dómari á Evrópumótinu í Berlín í apríl n.k. Stjórn óskar honum til hamingju með það.
- d. Ljóst er að aðildarfélög munu ekki senda hópa á Gymnaestrada 2011. Framkvæmdastjóra falið að svara góðu boði FIG um aðstoð. Eins að óska eftir að FFA finni leið til að hlúa að grunninum sem til er og búa til hefðina fyrir sýningar á Íslandi.
- e. Junior –Team-Cup í Berlín, helgina fyrir Evrópumót. Þorgerður, formaður, vikur af fundi og Birna Björnsdóttir tekur við fundarstjórn. Tilgangur með keppni á mótinu er að hvetja og byggja upp 16 ára og yngri í áhaldafimleikum. Davíð gefin heimild til að bjóða tilteknum keppendum sem hann og Axel, formaður tk., hafa valið á móti. Davíð mun leita eftir samþykki TKV og TK og vinna málið áfram í samvinnu við viðkomandi félög og forráðamenn keppenda. Kostnaður fellur ekki á FSÍ. Leyfi til að samnýta dómara og þjálfara karla á Evrópumótið.

Formaður tekur við stjórn fundarins.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 17. febrúar **nk.**, kl.16.15.

Fundi slitið kl. 19:00
Hrund Þorgeirsdóttir ritar fundargerð.